Einn Bramatrúarmaður, er þar var staddur, sneri sér að þjóninum, er hann heyrði orð hans og sagði:

„Vesalings asni! Er það mögulegt að þú trúir því að þú getir borið guð undir belti þínu. Það er bara einn guð til og sá guð er Brama, og hann er meiri en öll ríki veraldar, því hann hefir þau öll skapað. Brama er sá eini almáttugi guð, og honum til dýrðar eru öll þau musteri, sem bygð eru á bökkum Ganges-árinnar, og þar vegsama hann þeir einu sanntrúuðu Brama prestar—þeir einir, og engir aðrir en þeir, þekkja þann sanna guð. Þúsundir ára hafa liðið, þjóðir hafa liðið undir lok, konungar hrunið af veldisstólum, og samt hafa prestar hans haldið veldissprotanum, því að Brama er sá eini sanni guð og hefir því haldið verndarhendi yfir þeim".

Þannig taldaði Bramatrúarmaðurinn og fanst honum hann hafa hlotið að sannfæra alla sem inni voru. Þá gengdi til Gyðingur, sem þar var staddur:

„Nei", hrópaði hann. „Musteri hins sanna guðs er ekki á Indlandi. Ekki heldur verndar guð Bramatrúarmenn. Sá sanni guð er ekki guð Bramatrúarmanna, því hann er guð Abrahams, Ísaks og Jakobs. Ekki verndar hann neina nema sína útvöldu þjóð, afkomendur Israels. Frá upphafi veraldar hefir hann elskað vora þjóð, og vora þjóð að eins. Þótt vér nú séum tvístraðir út um heim allan, er það að eins reynsluskóli, því guð hefir heitið að samansafna sínum og endurreisa musterið í Jerúsalem, og þaðan skal Israel ríkja yfir öllum þjóðum veraldar". Þannig talaði Gyðingurinn og hefði óefað sagt meira, ef hann hefði ekki brostið í grát,—og ítalskur missíónari, sem þar var staddur, gengt fram í:

„Það sem þú segir", sagði hann, „er ekki satt. Þú hermir óréttlæti á guð. Hversu ætti hann að elska eina þjóð fram yfir aðra? Nei, jafnvel þó það sé satt, að í gamla daga tæki hann Israel fram yfir aðra, þá eru nú liðin nítjánhundruð ár síðan þeir reittu hann til reiði og hann tvístraði þjóðinni, svo trú þeirra er útdauð nema hér og hvar. Guð sýnir ekki að hann taki neinn þjóðflokk fram yfir hinn, en kallar alla sem frelsast